

## A 1779/præsídiet

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna  
Afgreiðsla Forsætisnefndin

## Þingmannatillaga um framtíðarsýn um að fyrirbyggja manntjón í eldsvoðum

### Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um að móta samnorræna stefnu um brunavarnir, til að tryggja

*að öll norrænu löndin móti framtíðarsýn um að enginn skuli láta lífið í eldsvoða;*

*að reynslu af forvörnum gegn mannskaða og slysum af völdum eldsvoða verði miðlað milli norrænu landanna svo allir njóti góðs af;*

*að slysum á fólki í eldsvoðum fækki verulega í öllum norrænu löndunum;*

*að umhverfisálag vegna eldsvoða verði helmingað á 10 árum;*

*að komist verði alfarið hjá eldsvoðum sem valda skaða á óbætanlegum menningarverðmætum;*

*að árlegur skaði samfélagsins vegna bruna minnki um a.m.k. 10 prósent í öllum norrænum löndum á 10 árum.*

### Forsaga

Óvenju þurrkasamt sumar á Norðurlöndum í ár með mörgum brunum þar sem löndin hafa þurft að skiptast á slökkviliðsfólki og búnaði, er til marks um þörfina fyrir meira samstarf og meiri þekkingarmiðlun um brunavarnir á milli landanna.

Eins og er vinna norrænu löndin hvert fyrir sig að brunavörnum, þ.m.t. vörnum gegn mannskæðum eldsvoðum, en miðlun þekkingar er mjög af skornum skammti. Í sumum norrænu landanna er við lýði einhvers konar stefna um varnir gegn alvarlegum brunum en gífurlegur munur er á metnaðarstigi, aðferðum og fjárveitingum eftir löndum. Af þessum sökum er mikill munur milli landa á fjölda bruna, fjölda látinna í eldsvoðum og eldsupptökum. Í Danmörku urðu til dæmis 3,47 húsbrunar á hverja 1.000 íbúa á árinu 2016 en sambærileg tala á Íslandi var 0,7. Sama ár urðu 784 brunar á atvinnuhúsnæði í Finnlandi en ekki nema 44 í Noregi.



Auk þess sem mikill munur er á fjölda látinna í eldsvoðum á hverja milljón íbúa í norrænu löndunum er einnig athyglisvert að skoða mismunandi upptök mannskæðra eldsvoða. Til dæmis áttu reykingar að meðaltali sök á 50% bruna þar sem manntjón varð í Danmörku á tímabilinu 2010-2016 en meðaltal fyrir Norðurlöndin öll er ekki nema 25% og í Noregi einum er hlutfallið aðeins 6,4%. Þessar tölur benda til þess að norrænu löndin myndu hvert um sig hafa mikið gagn af því að miðla reynslu sín á milli og innleiða aðgerðir sem hafa reynst árangursríkar hjá nágrannalöndunum með samnorrænni stefnumörkun. Reynslan hjá einstökum löndum sýnir að best er að hefja baráttuna gegn mannskæðum eldsvoðum með því að setja markið hátt.

Eldsvoðar eru dýrir, bæði fyrir norræn samfélög og umhverfið á Norðurlöndum. Miklir eldsvoðar koma hart niður á innviðum og atvinnulífi, takmarka fjölda vinnustaða og valda álagi á viðbragðsaðila og heilbrigðiskerfi samfélaganna. Uppgjör frá tryggingageiranum í Svíþjóð, Noregi og Danmörku sýna að eldsvoðar kosta þessi þrjú samfélög í það minnsta 10 milljarða danskra króna á ári í tryggingabætur eingöngu. Við það bætist brunatjón á sjálftryggðum og ótryggðum fasteignum, kostnaður vegna sjúkrahúslegu og manntjóns og vegna truflana á atvinnurekstri og umhverfisskaða. Vatn sem notað er við slökkvistarf, eitraður reykur o.fl. veldur langvinnum eða óbætanlegum umhverfisskaða, bæði á vatni, lofti og jarðvegi. Það er því í þágu allra Norðurlanda að löndin nýti reynslu hvers annars og skuldbindi hvert annað með sameiginlegri metnaðarfullri stefnumörkun til framtíðar.

Nuuk, 13. september 2018

Annette Lind (S)	Nina Sandberg (A)
Ingalill Olsen (A)	Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Jorodd Asphjell (A)	Peter Johnsson (S)
Karen J. Klint (S)	Phia Andersson (S)
Karin Gaardsted (S)	Pyry Niemi (S)
Lars Mejern Larsson (S)	Ruth Mari Grung (A)
Laura Taunajik (S)	Stein Erik Lauvås (A)
Lennart Axelsson (S)	Suzanne Svensson (S)
Martin Kolberg (A)	Ville Skinnari (sd)
Maarit Feldt-Ranta (sd)	